

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

15. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 12. júlí. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Jóhanna Kristjánsdóttir og Elsa Borgarsdóttir.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.  
Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Staða skipulagsmála.
2. Súðavíkurhöfn, malarrif við innsiglingu.
3. Sorphirða – sorpsvæði.
4. Ljósleiðari og tengingar í Súðavíkurhreppi.
5. Viðhald eigna Súðavíkurhrepps.
6. Kolbeinslækur / ræsi og farvegur.
7. Heilsueflandi samfélag í Súðavík.
8. Erindi frá Ísafjarðarbæ – skipakirkjugarður í Djúpi. Sigurður Hreinsson.
9. Þernuvík – forkaupsréttur.
10. Skýrsla sveitarstjóra.
11. Fundafrí Sveitarstjórnar

- 
1. Staða skipulagsmála.  
Eru í farvegi, bið eftir Skipulagsstofnun sem áformar að skila af sér fyrir 15. júlí.
  2. Súðavíkurhöfn, malarrif við innsiglingu.  
Fara í vinnu með Vegagerðinni og samþætta við áform um hafnarframkvæmdir innan Langeyrar. Sveitarstjóri fylgir eftir.


SK ERG SK  
SVE


3. Sorphirða – sorpsvæði.  
Fá verðhugmyndir til að vinna með í fjárhagsáætlun næsta árs varðandi aðgengi að sorpsvæði. Sveitarstjóra verði falið að skoða hvort fýsilegt sé að fara í útboð á sorphirðu.
4. Ljósleiðari og tengingar í Súðavíkurhreppi.  
Halda áfram viðræðum við Mílu um tengingu og klára samning um Ljóstengingu Íslands. Sveitarstjóri fylgir því eftir.
5. Viðhald eigna Súðavíkurhrepps.  
Skólahúsnæði verði skoðað frekar með það í huga að leysa varanlega lekavandamál og það sem snýr að hönnun. Kanna breytingar og kosti í samráði við verktaka og arkitekt. Kanna möguleika og verð við að lagfæra steina/gangstétt og tröppur við Grundarstræti.
6. Kolbeinslækur / ræsi og farvegur.  
Skoða lausn á þessu með Vegagerðinni (fá hólk) hvað varðar hönnun og frágang. Sveitarstjóri skoðar þetta með Vegagerðinni og fái aðila til að framkvæma verkið.
7. Heilsueflandi samfélag í Súðavík.  
Sveitarstjórn tekur undir þá punkta sem hafa verið teknir saman og líst vel á hugmyndirnar. Þarf að fá frekari umræðu í haust um útfærslu og jafnframt að tengja betur íbúa úr Djúpi þannig að heilsueflandi samfélag sé fyrir Súðavíkurhrepp allan. Sveitarstjórn ákveður að halda næsta reglulega septemberfund sveitarstjórnar þann 6. september næstkomandi í Heydal.
8. Erindi frá Ísafjarðarbæ – skipakirkjugarður í Djúpi. Sigurður Hreinsson bæjarfulltrúi hjá Ísafjarðarbæ kemur inn á fund og kynnir erindi.  
Súðavíkurhreppur lýsir sig reiðubúinn að standa að mótun verkefnisins og kanna grundvöll þess. Súðavíkurhreppur er tilbúinn í að skipa fulltrúa í samráðshóp með Ísafjarðarbæ ef óskað verður.
9. Þernuvík – forkaupsréttur.  
Samkvæmt bréfi dags. 6. febrúar 2002 var fallið frá forkaupsrétti af hálfu Súðavíkurhrepps vegna sölu íbúðarhúss Þernuvíkur og landskika um 1,8 ha sbr. kaupsamning undirrituðum 10. desember 2001.
10. Skýrsla sveitarstjóra.  
Rætt um íbúðarhúsnæði í Súðavík.
  - Kynntar glærur frá Hrafnhóli ehf - Byggingafélag, verkefni um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.
  - Umræður um bættu nýtingum 1. hæðar húsnæðis Grundarstrætis m.a. tengt Melrakkasetri Íslands.Umræður um umferðarhraða um þorpið sem er að mati fundar orðinn of hár og hættulegur.
  - Umræður um lausn á því - ræða við lögreglu og Vegagerð.
11. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ákveður að taka frí frá fundahaldi í ágúst.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:43

  
Elin Gyldfadóttir

Jóhanna Kristjánsdóttir  


  
Steinn Ingi Kjartansson

Elsa G. Borgarsdóttir



Samúel Kristjánsson  
oddviti



